

Putalestin







Þessi bók er í 2. flokki samkvæmt
þyngdarflokkun Menntamálastofnunar.

Bryndís Gunnarsdóttir

Putalestin



MENNTAMÁLASTOFNUN




Ég er lítil lest.
Ég er trélest.
Ég heiti Kútur.



Ég vildi að ég ætti
heima á torgi
eins og þessi lest.
Torgið er í Vasa.

Vasa er borg
í Finnlandi.
Lestin heitir
Putalestin.





Nú leggjum
við af stað.
Stígðu upp í
lestina, Jónas.








Þetta er barnalest
en pabbi má koma með.
Hann verður að halda sér.
Putalestin ekur hratt.








Petta er Lotta.
Hún er að selja blóm.
Hún hefur selt blóm
í 40 ár á torginu.






Þetta er Lassi.
Hann er að selja ber.
Það er líka hægt að
kaupa skó, mottur og
margt fleira á torginu.



Färsk ny
från egen
moretta u
Om
VÄGEM
zoll

Frá torginu
fer ég út í skóg
og yfir litla brú.
Þar er Svenni litli
með pabba sínum.
Hann er að veiða
fiska handa kisu.

Passaðu þig,
Svenni, þarna
kemur Putalestin!








ASALANDIA

Nú erum við
komin í tívolí
sem heitir Vasaland.

Ég ætla að fara inn
og skoða mig um.





Þarna eru bátar
sem gaman er að sigla á.
Úlla æpir, hún er hrædd.
Samt er gaman.

Hæ, hér kemur Kútur!



Allt fer upp og niður!
Krakkarnir æpa
og fá illt í magann.


Hæ, krakkar!
Er ekki gaman?






Næst förum við
að sjá hvað krakkarnir
í tjöldunum eru að gera.
Þau eru að róla, hjóla,
synda og leika sér
í sandinum.

Halló Anna.
Er þér kalt?





A woman is swimming in a pool. In the background, there is a large, green, cartoonish dragon sculpture with a large eye and a long tongue. The scene is set in an indoor pool area with a bamboo pole in the foreground and a red roller coaster track visible through the glass ceiling.


Nú förum við í sund.
Hér er stór rennibraut.
Hún er eins og dreki.
Krakkarnir og ég koma út
um munninn á honum.

Passið ykkur.
Hér kem ég!



Á leiðinni heim förum
við yfir stóru brúna.
Þar er margt fólk
á gangi eða á hjóli.



A man wearing a light-colored shirt and a cap is riding a bicycle on a wooden bridge. The bridge has a metal railing and is set over a blue lake. In the background, there are green trees and some buildings. In the foreground, a colorful toy train (red, orange, and black) is on the ground, with a white stream of liquid coming out of its smokestack and forming a speech bubble.

Hér kem ég
og Putalestin,
segir Kútur.

Svo byrjar
næsta ferð.

Frá torginu.
Inn í skóg.

Yfir litlu brúna.
Í tívolí.

Á tjaldstæðið.

Í sund.

Yfir stóru brúna
og á torgið.

Vilt þú
koma með?



Viltu vita meira um Finnland?

Þá getur þú skoðað landakort og athugað:

- Er landið láglent eða hálent?
- Eru mörg vötn í landinu?
- Eru margar eyjar við Finnland?
- Hvaða lönd eiga landamæri að Finnlandi?

- Hvaða mál eru töluð í landinu?
- Er forseti eða kóngur í Finnlandi?
- Hvað heitir höfuðborgin í Finnlandi?
- Hvernig er finnski fáninn á litinn?

Athugaðu hvað þú finnur á netinu um Finnland.

Til kennara og foreldra!

Bæði foreldrar og kennarar vita hversu stórt bil getur verið milli áhugasviðs og þroska 6–9 ára nemenda og textans sem þeir eru færir um að lesa.

Smábókaflokkur Menntamálastofnunar er tilraun til að brúa þetta bil. Reynt er að höfða til ólíkra áhugasviða barnanna með texta sem er innihaldsríkur þrátt fyrir einfalda framsetningu. Bækurnar eru ríkulega myndskreyttar og áhersla lögð á að þær höfði bæði til tilfinninga og rökhugsunar og ekki síst til kímnigáfu lesenda.

Smábókaflokknum fylgja ekki vinnubækur en á vefsíðu Menntamálastofnunar er að finna kennsluhugmyndir eftir Ragnheiði Gestsdóttur. Þar eru sett fram dæmi um verkefni sem henta til einstaklingsvinnu og hópvinnu; málfræði, ritun, myndvinnslu og munnlega tjáningu, og hægt er að laga að öllum bókunum og einnig eru þar verkefni með Putalestinni til að prenta út.

Putalestin

ISBN 978-9979-0-2563-4

© 2010 texti og myndir: Bryndís Gunnarsdóttir

Ritstjóri: Sýlvía Guðmundsdóttir

1. útgáfa 2010

önnur prentun 2017

þriðja prentun 2020

Menntamálastofnun

Kópavogi

Útlit og umbrot: Bryndís Gunnarsdóttir/Námshugmyndastofnun

Prentun: Ísafoldarprentsmiðja ehf. – umhverfissvottuð prentsmiðja

SMÁBÓK

Smábækur Menntamálastofnunar eru einkum ætlaðar börnum sem eru að læra að lesa.


Putalestin er bók um litla lest sem ekur um borgina Vasa í Finnlandi.

Hún heimsækir staði sem krökkum finnst gaman að koma til.

Putalestin er handa börnum sem eru að æfa lestur og uppgötva heiminn.

Höfundur er Bryndís Gunnarsdóttir.

• Vasa



MENNTAMÁLASTOFNUN
40304